

Nd.

102. Frumvarp til laga

[91. mál]

um biðlaun alþingismanna.

Flm.: Garðar Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Eiður Guðnason,
Ingvar Gíslason, Friðjón Þórðarson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau einnig um þá sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar.

G r e i n a r g e r ð .

Á síðasta þingi var þingfararkaupsnefnd sammála um að hér væri um réttlætismál að ræða og samþykkti að beita sér fyrir framgangi þess á þessu þingi. Allir opinberir starfsmenn njóta uppsagnarfrests. Síðan 1955 hafa og verið í gildi ákvæði um biðlaun ráðherra. Ætlast er til að þessi ákvæði laganna taki til þeirra þingmanna, sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar.